

## Hulda Kristjánsdóttir

**From:** Sveinn Ægir Birgisson <sveinn@bfa.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 29. október 2024 11:54  
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps  
**Subject:** Neyðarkall 2024

## Neyðarkall 2024

Góðan daginn

Nú er salan á Neyðarkallinum að hefjast í vikunni. Hagnaður af sölunni rennur beint til okkar félags og erum við að leitast eftir stuðningi fyrirtækja og stofnanna við að styrkja okkar mikilvægu starfsemi. Í gegnum tíðina hefur almenningur haft mikinn skilning á störfum björgunarsveita enda veit fólk að þegar neyðarkall berst bregðast þær hratt við með allan sinn mannskap, búnað, tækni og þekkingu.

Fyrirtækjum og stofunum stendur til boða að styðja okkur með kaupum á stóra neyðarkallinum. Flóahreppur hefur keypt kallinn undanfarinn ár og er ykkar stuðningur okkur mikilvægur. Í ár er þema neyðarkallsins Hamfarakall, með vísan í þá vinnu sem farið hefur fram á Reykjanesinu síðustu ár.

Mætti bjóða ykkur að styrkja okkar mikilvægu starfsemi líkt og í fyrra en þá keyptuð þið neyðarkall af okkur á 100.000 kr en frjálst er að styrkja félagið um hærri upphæð.

Fyrir hönd Björgunarfélags Árborgar,  
Sveinn Ægir Birgisson

